

VINNUBLAÐ 3

HANDRIT

Nú eigið þið að skrifa handrit fyrir atriðið.

Búið til einfalt handrit, í mesta lagi 3 síður að lengd, sem inniheldur ekki fleiri en 3 línur. Lína er setning eða orð sem er hluti af samtali, umræðum o.s.frv. Lína getur innihaldið viðbrögð við einhverju sem er að gerast, t.d. „Er einhver þarna?“

Notið vinnublaðið og fyrstu síðuna úr handriti „I dare you“ sem innblástur. Notið aðalpersónuna, skrímslið og staðsetninguna í atriðinu.

Skapið stigmagnandi spennu þegar aðalpersónan mætir skrímslinu. Þetta á að vera bregðuatriði sem fer fram á staðnum sem þið hafið valið.

NOTIÐ EFTIRFARANDI FORM FYRIR HRYLLINGSMYNDIR SEM INNBLÁSTUR:

- *UPPHAF:* Kynnið aðalpersónuna, umhverfið og staðsetninguna. Eitthvað óhugnanlegt er að gerast.
- *MIÐJA:* Atriðið verður æ óhugnanlegra og skrímslið birtist svo. Nokkur óhugnanleg atvik leiða að óbærilegum og hrollvekjandi hápunkti.
- *LOK:* Hvernig leysa aðalpersónan og skrímslið úr þessu? Og hvernig hverfur skrímslið? Ef það hverfur, það er að segja...

Skipuleggið einnig hvernig þið ætlið að nota spennu, óvænt atvik, hljóð og ljós í upptökunum. Kynnið handrit ykkar fyrir bekknum eða kennara ykkar.

Skemmtið ykkur vel.



ÁBENDINGAR OG HUGMYNDIR

HLUSTIÐ Á GAGNRÝNI OG ÁBENDINGAR


- Hver voru viðbrögðin við kynningu ykkar á aðalpersónu og skrímsli?
- Hver voru viðbrögðin við kynningu ykkar á línunum/samtalinu?
- Hver voru viðbrögðin við kynningu ykkar á handritinu?
- Hvernig ætlið þið að nýta ykkur ábendingarnar sem þið hafið fengið?



VALFRJÁLST VERKEFNI:

Ef þið hafið tíma getið þið búið til söguborð (e. storyboard) sem lýsir atriðinu.

Söguborð er teiknuð útgáfa af atriðinu ykkar sem sýnir hvernig þið viljið að upptökurnar ykkar líti út. Söguborðið er mjög gott verkfæri þegar þið farið út að taka upp.



VALFRJÁLST VERKEFNI:

Ef þið hafið tíma getið þið einnig íhugað hvaða aðferðir þið ætlið að beita við upptökur á skrímslinu.

Getið þið notað ákveðin sjónarhorn, klippingu, ljós, hljóð o.s.frv. til að leggja áherslu á einkenni skrímslisins?

